

Nd. 405. Frumvarp til laga
um breyting á vatnalögum, nr. 15 15. júní 1923.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 1. lið 46. gr. komi nýr liður, er verði 2. liður, svo hljóðandi:
Nú telur stjórn áveitufélags eða landþurrkunar- og áveitufélags nauðsynlegt að taka lán til stofnkostnaðar samáveitu, og er þá hlutaðeigandi sýslunefnd heimilt að ábyrgjast lán þetta, sé það ekki tekið hjá sýslusjóði sjálfum, en hann skal tryggður með veði í jörðum þeim á áveitusvæðinu, er áveitunnar njóta, ásamt mannvirkjum þeim, sem á jörðunum eru í notum ábúðarinnar og eru eign jarðeigenda, þó svo, að laust sé til frjálsra afnota jarðeigenda eða veðsetningar sem svarar $\frac{3}{5}$ hlutum virðingarverðs hvernjar jarðeignar, samkvæmt mati áður en áveitufyrirtækið var hafið, sem sýslunefnd tekur gilt, en næst þar á eftir komi veðréttur sýslusjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Landþurrkunarfélag Safamýrar þarfnast fjár til þess að koma upp samáveitu á Safamýri, en getur ekki fengið það svo sem þörf er á, nema með ábyrgð sýslunefndar. Er nauðsynlegt, að sýslunefndum sé heimilað að hlaupa þannig undir bagga með áveitufyrirtækjum, en til þess þarf að vera réttur fyrir sýslusjóð til tryggingar ábyrgð þeirra, og er ætlað til þess, að viðbót sú við vatnalögin, sem felst í frv., veiti heimild til þessarar tryggingar. Er það í samræmi við tryggingu þá, sem ríkissjóði var veitt með ákvæðinu í 7. gr. 2. mgr. flóaáveitulaganna 14. nóv. 1917 fyrir lánnum, sem hann ábyrgðist til stofnkostnaðar Flóaáveitunnar.